

MARKAÐSSTOFA HAFNARFJARÐAR

strandgata 4
220 hafnarfjörður

+354 585 55 66
+354 896 77 00

Hafnarfjörður 24. september 2015

Ágæti viðtakandi !

Markaðsstofa Hafnarfjarðar (MsH) verður formlega stofnuð sem sjálfseignarstofnun þann 22. október. Markaðsstofunni er ætlað að efla atvinnuþróun í Hafnarfirði, styrkja tengsl fyrirtækja og bæjaryfirvalda. Gera þannig bæinn að aðlaðandi kosti fyrir fyrirtæki, félög og fólk. Stefnt er að því að fjölga atvinnutækifærum í bænum ásamt því að viðhalda og efla enn frekar góða ímynd Hafnarfjarðar. Ferðamál verða einnig á könnu Markaðstofunnar, en þar eru fjölmörg tækifæri fyrir Hafnarfjörð.

Við teljum mikilvægt að breiður hópur hafnfirskra fyrirtækja komi til liðs við Markaðsstofuna. Ávinningur þíns fyrirtækis mun meðal annars vera:

- Efla tengslanet fyrirtækja í Hafnarfirði
- Taka virkan þátt í hverfafélagi með sameiginlega hagsmuni og vera þrýstiafl
- Sýnileiki á vef og samfélagsmiðlum MsH
- Vera hluti af heild sem byggir upp eftirsóknavert bæjarfélag

Tilvist Markaðstofunnar byggir á þeim fyrirtækjum sem gerast meðlimir í þessum hagsmunasamtökum hafnfirskra fyrirtækja. Árgjald að Markaðsstofu Hafnarfjarðar er 16.500 kr.- og við greiðslu gerist þitt fyrirtæki stofnfélagi að MsH.

Samtalsfundur um stofnun Markaðstofunnar verður haldinn að Hótel Völlum næstkomandi mánudag, 28. september milli kl. 17:00 – 18:30. Við vonumst eindregið til að sjá þig á fundinum þar sem farið verður yfir helstu viðfangsefni Markaðstofunnar.

Sjáir þú þér ekki fært að koma á fundinn en hefur áhuga á að vera eitt af þeim fyrirtækjum sem tekur þátt í stofnun Markaðstofunnar, er hægt að senda póst á magnusba@hafnarfjordur.is

Með von um jákvæðar viðtökur.

Virðingarfyllst,

Stjórn Markaðsstofu Hafnarfjarðar